

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Húsavíkurkaupstað árið 1998.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Húsavíkurkaupstað, sbr. 2. gr. c. staflið samþykktar nr. 567/1991 skal vera kr. 7.600 á árinu 1998.

Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. maí, en eindagi er 31. maí.
Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 3. gr. sömu samþykktar, skal vera kr. 3.270 í fyrsta skipti, en síðar hækkar það í kr. 6.550 ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að gilda árið 1998.

Umhverfissráðuneytinu, 6. janúar 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um holræsagjald í Ísafjarðarbæ nr. 39/1997.

1. gr.

Við 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður svohljóðandi: Bæjarstjórn er einnig heimilt að ákvarða hámark og lágmark holræsagjalds án þess að samþykki ráðuneytisins komi til. Getur hámarks holræsagjald fyrir hvert ár numið allt að kr. 20.000 og lágmarksgjald allt að kr. 8.000.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 7. janúar 1998.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.